

**Nr. 20-016 S 009 Valþór GK 123*****Vélarvana og dreginn til hafnar***

*Skipaskr.nr.* 1081  
*Smíðaður:* Seyðisfirði 1969 stál  
*Stærð:* 60,8 brl. 54 bt.  
*Mesta lengd:* 23,17 m *Skráð lengd:* 21 m  
*Breidd:* 4,8 m *Dýpt:* 2,45 m  
*Vél:* Scania 232 kW 1985  
*Fjöldi skipverja:* 5



Valþór©NN

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 5. júní 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 4. febrúar 2020 var Valþór GK 123 á netaveiðum suður af Krísuvíkurbjargi. Veður: ASA 7 m/s.

Á veiðunum varð Valþór vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Hafnsögubáturinn Ölver dró skipið til Þorlákshafnar.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipið fékk veiðarfærin í skráfuna.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.